



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. janúar 2014

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017. 256. mál.

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017, 256. mál. Meginmarkmið með áætluninni er að jafna tækifæri landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna líf skjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstök áhersla verði lögð á stuðning við svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.

Samtök atvinnulífsins taka undir meginmarkmið áætlunarinnar og telja af hinu góða að stjórnvöld móti stefnu um hvernig unnt sé að ná þeim. Margir samverkandi þættir gera það að verkum að fólki þyki tiltekið svæði vera áhugavert til búsetu. SA telja að með traustum innviðum í formi góðra samgangna, tryggjar orku á viðráðanlegu verði og öflugsgagnanets sé verulega dregið úr mismunun fólks eftir búsetu.

Margvísleg grunnþjónusta sem hið opinbera býður fólki, s.s. heilbrigðisþjónusta og aðstaða til menntunar, getur verið mismikil og af mismiklum gæðum eftir búsetusvæðum. Eftir því sem þjónustusvæðin eru fjölmennari verður auðveldara að halda uppi grunnþjónustu sem þarf að vera til staðar svo að fólk telji svæðið áhugavert til búsetu.

Samtök atvinnulífsins vara við sértækum aðgerðum á svæðum þar sem viðvarandi fólksfækkun hefur verið. Mat á árangri slíkra aðgerða á undanförunum árum er af skornum skammti og mörg dæmi eru um að slíkar aðgerðir leiði ekki til varanlegra lausna. Það er mat SA að eigi að grípa til sértækra aðgerða á varnarsvæðum þá þurfi að liggja fyrir afar sterk rök um að slík aðgerð bæti ástandið til lengri tíma litið.

SA taka undir flest markmið og leiðir í 3. kafla ályktunarinnar um atvinnumál. Þrátt fyrir mikilvægi þjónustu á vegum hins opinbera þá er forsenda fyrir búsetu fólks öflugt atvinnulíf og hagstæð rekstrarskilyrði fyrirtækja. Séu þær forsendur ekki fyrir hendi verður opinber þjónusta í skötulíki og ekki varanleg. Aðkoma ríkisins að öflugum nýfjárfestingarverkefnum á landsbyggðinni hafa styrkt byggðirnar í nágrenni þeirra.

Kjarninn í stefnumótandi byggðaáætlun þarf því að vera sá að hið opinbera hlúi að rekstrarskilyrðum starfandi fyrirtækja á landsbyggðinni. Sjávarútvegur er og hefur verið um langan aldur kjölfesta byggðar vísvegar við stendur landsins. Síðustu áratugi hefur rekstur fyrirtækja í sjávarútvegi verið sjálfbær og hefur með betri nýtingu og nýrri tækni skilað vaxandi arðsemi og komið öðrum fyrirtækjum sem þjónusta greinina einnig til góða. SA leggja áherslu á að mikilvægur liður í árangursríkri byggðaáætlun er að hið opinbera með sínum aðgerðum rýri ekki rekstrarskilyrði þessarar undirstöðuatvinnugreinar.



Miklu skiptir í þeirri viðleitni að efla byggðir landsins að hið opinbera veiti þeim sem eru að koma á fót nýrri starfsemi tímabundna aðstoð við sitt þróunarstarf. Eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktuninni koma ýmsar opinberar stofnanir að stuðningi við atvinnulíf og nýsköpun. Mat á árangri þessarar starfsemi, þ.e. hverju stuðningur þessara stofnana hefur skilað atvinnulífi og nýsköpun á landsbyggðinni, liggur samt ekki fyrir. Hitt er nokkuð víst að rannsókn- og þjónustustofnanir eins og háskólar, MATÍS, Nýsköpunarmiðstöð (IMPRA) og Íslandsstofa, eiga að geta nýst slíkum fyrirtækjum betur en nú er raunin við að þróa sína starfsemi og þannig treysta rekstrargrundvöll þeirra. Árangursríkara samstarf þessara aðila mun leiða til bættrar afkomu og aukinnar hagsældar á viðkomandi starfssvæði.

Ein leið til að örva samstarf sprotafyrirtækja og opinberra rannsóknastofnana gæti falist í að efla svæðisbundna vaxtasjóði (t.d. með því að flytja fjármagn frá tilteknum háskólum og opinberum rannsókn- og þjónustustofnunum) þannig að srotafyrirtæki og önnur fyrirtæki í þróun geti sótt um styrk í sjóðinn sem væri ávísun (innovation vouchers) á kaup á ráðgjöf og þjónustu hjá tilteknum háskólum og opinberum rannsókn- og þjónustustofnunum.

Þá telja SA að ríkið eigi að leggja áherslu á að staðsetja ný opinber störf úti á landsbyggðinni þar sem að fjarskiptatæknin leyfir slíkt og þjónusta við almenning skaðast ekki sakir staðsetningar. Það eflir fámennari byggðir og eykur fjölbreytni starfa. Sama gildir um mörg önnur störf hjá ríkinu sem uppfylla áðurnefnd skilyrði en eru nú unnin á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins